

**From:** Þórður Freyr Sigurðsson  
**Sent:** föstudagur, 15. febrúar 2019 16:25  
**Subject:** Tilnefning fulltrúa við mótun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 til 2024

Kæru bæjar- og sveitarstjórar,

## **Erindi um tilnefningu fulltrúa á samráðsvettvang Suðurlands 2020 til 2024.**

Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 - 2024 verður haldinn á Hótel Selfossi 4. apríl 2019, klukkan 12.00 – 16:00.

Sveitarfélögin á Suðurlandi eru beðin um að tilnefna fjóra fulltrúa á samráðsvettvanginn/fundinn, tvo kjörna fulltrúa og tvo aðra fulltrúa úr sveitarfélaginu. Sveitarstjórar eru velkomnir á þennan fyrsta samráðsvettvang þ.e.a.s. ef þeir koma ekki sem kjörnir fulltrúar. Sveitarfélögin eru hvött til að gæta að jöfnu kynjahlutfalli. Allir fulltrúar sem verða tilnefndir koma til með að vera tengdir samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Suðurlands á meðan áætlunin er í gildi, en ákveðið samráð mun eiga sér stað á tímabilinu. Gildistími sóknaráætlana landshluta verður nú til samræmis við gildistíma Byggðaáætlunar, þar sem hvorutveggja byggja nú á lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlunir landshluta nr. 69/2015.

SASS mun boða beint eftirtalda aðila á fundinn; Ungmennaráð Suðurlands, með einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi á Suðurlandi, stjórn SASS og verkefnastjórn Sóknaráætlunar Suðurlands auk ráðgjafa og verkefnastjóra á vegum SASS er starfa að Sóknaráætlun Suðurlands.

Samráðsvettvangur Sóknaráætlunar Suðurlands 2020-2024 mótar þær áherslur sem unnið verður með á tímabilinu. Um er að ræða stefnumótunarfund um megin áherslur, gildi og framtíðarsýn fyrir Suðurland til næstu 5 ára. Á þessu ári verður jafnframt unnið að einstökum stefnum á sviði atvinnumála, nýsköpunar, menningarmála og á sviði umhverfis- og auðlindamála. Þær stefnur munu m.a. taka mið af niðurstöðum fundar samráðsvettvangsins. Samráð við íbúa og hagaðila hefur að hluta til átt sér stað og mun eiga sér stað á næstu mánuðum um einstakar stefnur. Drög að Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024, ásamt tengdum stefnum á ofangreindum málefnasviðum, verður kynnt opinberlega á þessu ári og m.a. sendar til umsagnar hjá sveitarfélögunum. Sóknaráætlun Suðurlands 2020 – 2024 ásamt undirstefnum verða að endingu lagðar fyrir ársþing SASS í október 2019 til endanlegrar staðfestingar.

Mikilvægt er að góð þátttaka sé á fundinn. Sóknaráætlun Suðurlands 2015-2019 hefur skilað 68 verkefnum fyrir um 240 mkr. sem snerta byggðamál og byggðaþróun í landshlutanum frá upphafi. Jafnframt hefur verið úthlutað úr Uppbyggingarsjóði Suðurlands, sem er hluti af Sóknaráætlun Suðurlands, fyrir um 70 til 90 mkr. árlega í tveimur úthlutunum á ári. Á heimasíðu sass.is má sjá öll verkefni sóknaráætlunar 2015-2019 auk upplýsinga um úthlutanir sjóðsins. Auk þessa hefur stefnumörkun Sóknaráætlunar Suðurlands haft áhrif á störf SASS á sviði byggðaþróunar, s.s. í áherslum Uppbyggingarsjóðs Suðurlands, ráðgjöf á vegum SASS og öðrum verkefnum. Þannig hefur stefnan haft áhrif á störf SASS ásamt val á einstökum verkefnum.

**Vinsamlegast sendið nafn og netfang ykkar fulltrúa á samráðsvettvang Sónaráætlunar Suðurlands 2020-2024 á [sass@sass.is](mailto:sass@sass.is) eigi síðar en 11. mars 2019.**

Ferðakostnaður er greiddur fyrir þá sem þess óska. Upplýsingar um endurgreiðslu ferðakostnaðar skal einnig senda á [sass@sass.is](mailto:sass@sass.is)

Dagskrá fundarins hefst kl. 12:30 en þátttakendum er boðið upp á súpu kl 12:00 fyrir þá sem það vilja. Frekari gögn ásamt skráningarformi verða send beint á þátttakendur.

Nánari upplýsingar um Sónaráætlun Suðurlands má finna á eftirfarandi slóð:  
<http://www.sass.is/soknaraetlun-sudurlands/um-soknaraetlun/>

kv, Þórður

**Þórður Freyr Sigurðsson**  
Sviðsstjóri þróunarsviðs  
e. Manager of Development  
gsm 692 9030  
sími 480 8200  
**SASS**

**Samtök sunnlenskra sveitarfélaga**

e. The Association of the Local Authorities in South Iceland  
Austurvegi 56 Selfossi / Austurvegi 4 Hvolsvelli  
800 Selfossi / 860 Hvolsvelli  
[sass.is](http://sass.is)